

Ef ákveðin efni eru í hárlitum er skylt að setja notkunarskýrði og varnarorð á umbúðir eða á fylgiseðil. Hér á eftir er listi yfir helstu þessara efna (ekki er um tæmandi lista að ræða).

Efnasamband (á íslensku)	Enskt heiti	Orðalag notkunarskýrða og varnarorða skv. III. viðauka reglugerðar (EB) nr. 1223/2009.
Fenylendíamín	Phenylendiamine	Texti og tákn vegna ofnæmisviðbragða (sjá neðan við töflu). Skolið augun strax ef varan kemst í snertingu við þau. Notið viðeigandi hlífðarhanska. Inniheldur fenýlendíamín.
Tólúendíamín	Toluenediamine	Texti og tákn vegna ofnæmisviðbragða (sjá neðan við töflu). Notist ekki til að lita augnhár eða augabrúnir. Notið viðeigandi hlífðarhanska. Inniheldur fenýlendíamín (tólúendíamín).
Resórsínól	Resorcinol	Texti og tákn vegna ofnæmisviðbragða (sjá neðan við töflu). Skolið hárið vel eftir notkun. Skolið augun strax ef varan kemst í snertingu við þau. Inniheldur resorcínól. Notist ekki til að lita augnhár eða augabrúnir.
Díamínófenól	Diaminophenol	Texti og tákn vegna ofnæmisviðbragða (sjá neðan við töflu). Notist ekki til að lita augnhár eða augabrúnir. Notið viðeigandi hlífðarhanska.
Þíoglýkólsýra og sölt hennar; Þíoglýkólsýruesterar	Thioglycolic acid; Thioglycolic esters	Texti og tákn vegna ofnæmisviðbragða (sjá neðan við töflu). Varist snertingu við augu. Berist efnið í augu skal strax skola vandlega með miklu vatni og leita læknis. Notið viðeigandi hlífðarhanska. Inniheldur þíoglýkólat. Fylgið leiðbeiningum. Geymist þar sem börn ná ekki til.
Vetnisperoxíð	Hydrogen peroxide	Notið viðeigandi hlífðarhanska. Varist snertingu við augu. Skolið augun strax ef varan kemst í snertingu við þau. Inniheldur vetnisperoxíð.
Ammoníak	Ammonia	Ef yfir 2%: Inniheldur ammoníak.

Texti og tákn vegna ofnæmisviðbragða:



Litgjafar fyrir hár geta kallað fram alvarleg ofnæmisviðbrögð. Lesið og fylgið leiðbeiningum. Þessi vara er ekki ætluð til notkunar fyrir einstaklinga sem eru yngri en 16 ára. Tímabundið húðflúr með „svörtum hennalit“ (e. *temporary black henna tattoo*) getur aukið hættu á ofnæmi.

Ekki skal lita hárið:

- ef þú ert með útbrot í andliti eða með viðkvæman hársvörð, ertingu í hársverði eða skaddaðan hársvörð,
- ef þú hefur einhvern tímann fundið fyrir óþægindum eftir hárlitun,
- ef þú hefur áður fundið fyrir óþægindum eftir tímabundið húðflúr með „svörtum hennalit“.